

Tölvu samskipti III

*Nokkur grunnatriði í notkun á
samskiptaforritum á netinu*



Til góðra verka!

Samskiptaforrit


Til eru ýmis forrit sem gera notendum kleift að hafa samskipti yfir Internetið, í rauntíma.

- Spjall - þar sem menn skrifast á.
- Sími yfir net
- Myndsími yfir netið.

Sum forritin hafa aðeins einn af þessum eiginleikum en önnur hafa þá alla.

Í þessum bæklingi verður farið yfir notkun tveggja forrita sem eru hvað algengust í þessum geira. Bæði þessi forrit er hægt að sækja á Netið endurgjaldslaust.

- Windows Live Messenger er algengt forrit, mikið notað í textaspjall. Flutningur á skráum s.s. myndum er einnig einfaldur. Samskipti með hljóði og myndum eru möguleg.
- Skype hefur þessa sömu eiginleika, en er fullkomnara þegar kemur að talsambandi, því þar er hægt að tengjast símkerfum flestra landa.



Windows Live Messenger (MSN)

Slóðin til að sækja forritið er:
messenger.live.com.

Ef þú vilt aðeins Messenger-forritið, tekurðu hökin úr öllum reitum nema **Messenger**.

Uppsetning

Smelltu á **Install** og síðan á **Run**. Í ferlinu þarftu að samþykka uppsetningu forrísins.

Skráning

www.passport.net - þetta er slóðin til að stofna nýjan MSN-aðgang.

a. Ef þú átt ekki netfang, geturðu stofnað nýtt netfang — nafn@hotmail.com

b. Ef þú átt netfang sem þú vilt nota, velurðu þann möguleika. Þar þarftu að slá inn netfangið, lykilorðið tvisvar og hefur möguleika á að setja inn öryggisspurningu. Einnig þarftu að slá inn stafaröð sem birtist á síðunni. Þú staðfestir skráninguna og færð að lokum sent í tölvupósti slóð sem þú þarft að smella á til að staðfesta að þú hafir óskað eftir þessum aðgangi.

Þegar þessu er lokið, ættir þú að geta skráð þig inn í MSN. Þú færð möguleika á að vista netfang, vista lykilorð og sjálfvirkri innskráningu.

Samskipti: Þú velur þér þá sem þú vilt eiga samskipti við. Þú þarft að vita MSN-netföng þeirra sem þú vilt eiga á þínum lista og sendir þeim boð þar um. Samþykki þeir boðið er tengingin komin. Ef þér er boðið á lista hjá öðrum þarft þú að samþykka.

Spjall: Til að ná sambandi við „vini“ þína smellirðu á nafn þeirra á listanum þínum. Fyrst þarftu að skoða hvort þeir eru tengdir. Ef svo er birtist gluggi á þeirra tölvu með þínum skilaboðum og spjall er komið í gang.


Sími og myndsími: Í gegnum MSN er hægt að koma á sambandi með hljóð og mynd. Til þess þurfa auðvitað báðir aðilar að vera með hátalara og hljóðnema og vefmyndavél ef ná á myndsbandi. Til að koma á slíku sambandi er farið í Tools — Audio/Video settings og farið í gegnum ferlið þar.

Undir Tools — Webcam settings eru síðan stillingar fyrir myndavélina. Í meginatriðum gilda sömu reglur fyrir samskipti með hljóð og mynd og í spjallinu. Þú getur eingöngu tengst þínum tengiliðum.



Skype

Slóðin til að sækja forritið er: www.skype.com



Uppsetning:

- Smelltu á **Download** til að sækja forritið.
- Smelltu á **Run** og þá fer uppsetningin í gang.
- Smelltu aftur á **Run** til að samþykka uppsetninguna.
- Veldu tungumál (English) og hakaðu í samþykki.
- Smelltu því næst á **Install**.
- Loks er smeltt á **Start Skype**.




Skráning

Ef þú ert að setja Skype upp í fyrsta skipti, kemur upp gluggi sem býður þér að nýskrá þig á Skype. Einnig er hægt að stofna aðgang á síðunni með því að smella á **Account-flipann**.

- Skráðu fullt nafn.
- Veldu þér notendanafn og lykilorð.
- Hakaðu við til að samþykka.

Einnig þarf að gefa upp virkt netfang. Ef notendanafnið er upptekið, færðu viðvörðun og þarft að velja nýtt. Þú færð upp leiðbeiningaglugga sem gott er að skoða vel og loks glugga til að prófa hljóðið.





Samskipti

Smelltu á „Add contact“ og sláðu inn netfang þess sem þú vilt ná sambandi við. Sá aðili þarf að samþykkja og þá er opið fyrir textaspjall og símtöl.




Spjall

Til að hefja textaspjall við tengilið, smellirðu á „chat“-merkið



Sími

Þú hringir í tengilið með því að smella á græna símtólið. Skype býður upp á hópsímtöl, allt að 24 í einum hóp. Þá er valið „Call – start conference call“. Símtöl milli tveggja tölva eru gjaldfrjál. Ef þú vilt ná sambandi við farsíma eða heimasíma, þarftu hins vegar að greiða fyrir það. Þá smellirðu á tengil efst „Call cheaply“ Þú getur valið um fasta áskrift eða keypt fyrir 10 Evrur í einu með korti. Það er mikilvægt að lesa leiðbeiningar vandlega þegar kemur að greiðslum, en margir eru að nota Skype á þennan hátt og öryggi virðist vera nokkuð vel tryggt. Til þess að hringja í símanúmer er smelt á „Call Phones“ og númerið slegið inn þar.



Myndsími

Ef þú ert með vefmyndavél, annað hvort innbyggða eða tengda við vélina, geturðu virkjað hana og leyft viðmælendum þínum að sjá þig. Undir Tools – Options General – Video Settings eru stillingar sem virkja myndavélina og leyfa þér að ákveða hvort og við hverja þú vilt vera í myndsambandi.

Aðrir bæklingar í þessari ritröð:

- **Tölvusamskipti I** - Nokkur grunnatriði í notkun tölvupósts.
- **Tölvusamskipti II** - Meira um notkun tölvupósts og uppsetningu póstforrita.



Til góðra verka!